



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hinsegin félagsmiðstöðvastarf

Sandra Lilja Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Júní 2022

DEILD HEILSUEFLINGAR, ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNDA

Hinsegin félagsmiðstöðvastarf

Sandra Lilja Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í Tímstunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Eyrún Ólöf Sigurðardóttir

Deild heilsuefningar, íþróttar og tímstunda

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Hinsegin félagsmiðstöðvastarf

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í Tómsunda- og félagsmálafræði við Deild heilsueflingar, íþróttar og
tómsunda
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2022 Sandra Lilja Björnsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Ritgerðin er fræðileg heimildaritgerð. Tilgangur ritgerðarinnar er að vekja athygli á þörfinni fyrir sértæku hinsegin félagsmiðstöðvastarfi sem stuðlar að öruggu rými fyrir hinsegin ungmenni. Fjallað er um starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, sem Reykjavíkurborg rekur í samvinnu við Samtökin 78, ásamt stöðu hinsegin ungmenna, fordóma á Íslandi, fagmennsku og gildi félgsmiðstöðvastarfs. Einnig er að finna útskýringar á hugtökum sem koma fram í umfjölluninni. Stuðst er við hindrana módel Crawfords og kenningar um gagnkynhneigðarhyggju og öruggt rými. Mikil eftirspurn er eftir hinsegin félagsstarfi og hefur mæting í Hinsegin félagsmiðstöðina stóraukist enda er hún besta úrræðið í boði hér á landi fyrir hinsegin ungmenni í leit að öruggu rými. Það myndi efla fagmennsku og þjónustu ef hún væri betur fjármögnuð og fengi stöðugri rekstrargrundvöll. Nauðsynlegt er að styðja við þróun á sértæku hinsegin hópastarfi inni í almennum félagsmiðstöðvum og fræðsluátökum til að gera þær að öruggu rými fyrir hinsegin einstaklinga.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Hinsegin félagsmiðstöð og lykilhugtök	7
2.1 Hugtök.....	7
2.2 Hinsegin félagsmiðstöð	8
2.3 Reykjavíkurborg og frístundamiðstöðin Tjörnir	10
2.4 Samtökin 78.....	10
2.5 Samantekt	11
3 Kenningar	12
3.1 Gagnkynhneigðarhyggja.....	12
3.2 Hindrana módel	12
3.3 Öruggt rými	13
3.4 Samantekt	15
4 Hinsegin ungmenni á Íslandi.....	16
4.1 Fordómar í skólakerfinu	16
4.2 Staða hinsegin ungmenna á Íslandi	17
4.3 Þörf á fyrirmyndum og að tilheyra.....	18
4.4 Mikilvægi félagsmiðstöðvastarfs	19
4.5 Fagmennska	20
4.6 Samantekt	21
5 Umræður	23
6 Lokaorð.....	27
Heimildaskrá	29

Formáli

Hugmyndin að ritgerðinni fékk ég eftir að hafa unnið sjálfboðastarf í Hinsegin félagsmiðstöðinni. Reynslan opnaði augu mín á þörfinni fyrir starfinu sem og hversu mikil tækifæri felast í því. Hópurinn sem mætir í félagsmiðstöðina hefur mikla þörf á stuðning og athygli. Það er því mitt hjartans mál að þetta starf haldi áfram að stækka og að þjónustunan verði bætt. Ég veit að forstöðumaður Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og starfsfólkið standa sig ótrúlega vel og vil ég að þeirra mikilvæga starf sé metið að verðleikum. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum henni Eyrúnu Ólöfu Sigurðardóttur fyrir ánægjulegt samstarf, stuðning og hvatningu. Einnig vil ég þakka kærustunni minni fyrir þolinmæðina og skilninginn ásamt mömmu minni og Hildi fyrir yfirlestur á þessari ritgerð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Vísindasiðareglur Háskóla Íslands (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 8. maí 2022

Sandra Lilja Björnsdóttir

1 Inngangur

Samkvæmt 31. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að stunda tómstundir. Þetta þurfa aðildarríki að sáttmálanum, þar með talið Ísland, að viðurkenna og gæta að öll börn hafi jöfn tækifæri til að stunda tómstundir, menningar og listir (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Stefna mennta- og barnamálaráðuneytis (2022) undirstrikar mikilvægi þess að börn og ungmenni hafi jafnt aðgengi að tómstundastarfi og séu örugg á vettvangi. Að tryggja börnum og ungmennum þátttöku er lykilatriði í að stuðla að mannréttindi, jafnrétti og félagslegri þjálfun. Það er því mikilvægt að tómstundafræðingar séu meðvitaðir og finni lausnir á þeim hindrunum sem geta komið í veg fyrir að börn og unglingar sæki tómstundir og félagsstörf.

Í þessari ritgerð verður farið nánar út í stöðu hinsegin unglinga hér á landi og fjallað um hvernig hindranir þau geta upplifað við þátttöku í tómstunda- og félagsstarfi. Þá er mikil ástæða til að kanna stöðu þessa hóps nánar þar sem þau eru í mikilli áhættu á að þróa með sér þunglyndi, fíknisjúkdóma og sjálfsvígshugsanir (Boulay o.fl., 2020) vegna fordóma frá samfélaginu (Figueiredo og Abreu, 2020). Vísbendingar um lausnir má finna í femínískum kenningum um öruggt rými til að forðast áreitni og ofbeldi (Roestone Collective, 2014). Í kenningum um hindrana módel í tómstundum er einnig mikið kveðið á um hinsegin rými til að skýla hinsegin fólki frá gagnkynhneigðarhyggju (Best, 2009).

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á verðmæti Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, sem Reykjavíkurborg rekur í samstarfi við Samtökin 78, ásamt þörfina fyrir öruggu rými í félagsstarfi fyrir hinsegin ungmenni. Fjallað verður um stöðu hinsegin ungmenna á Íslandi og þau úrræði sem eru í boði fyrir hópinn. Leitast verður eftir að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: „Af hverju er Hinsegin félagsmiðstöðin mikilvæg og hvernig er hægt að gera félagsmiðstöðvastarf aðgengilegra hinsegin ungmennum?“

Uppbygging ritgerðarinnar er eftirfarandi: Fyrst verður fjallað um hugtök sem koma fram í ritgerðinni og Hinsegin félagsmiðstöðina ásamt stofnanir sem sjá um rekstur hennar. Í þriðja kafla verður farið yfir kenningar um gagnkynhneigðarhyggju, hindranir og öruggt rými. Því næst er fjallað um fræðilegar rannsóknir á hinsegin ungmennum og mikilvægi félagsmiðstöðvastarfs. Í lokin er svo umræðukafli á undan lokaorðum.

2 Hinsegin félagsmiðstöð og lykilhugtök

Í þessum kafla verður farið yfir hugtök sem koma fram seinna í ritgerðinni. Einnig verður umfjöllun um Hinsegin félagsmiðstöðina en hún er eitt stærsta verkefnið á Íslandi sem snýr að félagsstarfi hinsegin ungmenna. Næst er fjallað um stofnanirnar sem sjá um rekstur Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, fyrst um Reykjavíkurborg og síðar um Samtökin 78. Þá verður fjallað um hvaða þjónustu þau bjóða upp á og stefnumál þeirra í málefnum ungs hinsegin fólks.

2.1 Hugtök

Eftirfarandi kafli fer yfir skilgreiningar á þeim hugtökum sem koma fram í ritgerðinni. Mörg þessara orða geta verið framandi og því eru þau útlistuð og útskýrð nánar.

- Hinsegin

Orðið hinsegin er notað sem regnhlífarhugtak yfir hópa samfélagsins sem eru með aðra kynhneigð en gagnkynhneigð og falla ekki inn í hugmyndir samfélagsins um kyn. Þetta er því orð sem er notað til að sameina samkynhneigða, tvíkynhneigða, pankynhneigða, trans fólk, intersex fólk og eikynhneigða. Orðið var fyrst notað í niðrandi tilgangi um samkynhneigða og aðra minnihlutahópa sem samræmdust ekki hugmyndum um kynhegðun eða kynhneigð. Orðið var síðan endurskilgreint sem sameiningarhugtak yfir hópinn og tekið af því niðrandi gildið (Hinsegin frá Ö til A, e.d. -a).

- Kynjatvíhyggjan

Kynjatvíhyggjan er hugtak sem lýsir kynjakerfi samfélagsins. Samfélagið gerir ráð fyrir því að kynin séu tvö og séu andstæðir pólur í hegðun, stöðu og útliti. Þessir andstæðu pólur eru kona og karl, kvenlegt og karlmannlegt sem myndar tvíhyggju eða kynjatvíhyggju. (Hinsegin frá Ö til A, e.d. -b).

- Kynvitund

Hugtakið kynvitund merkir hvernig upplifun fólk hefur af sínu eigin kyni. Það segir ekkert til um líffæri eða útlit heldur upplifun fólks af sjálfu sér. Allir hafa kynvitund (Hinsegin frá Ö til A, e.d. -c).

- Trans fólk

Trans fólk hefur kynvitund sem samræmist ekki kyninu sem því var úthlutað við fæðingu. Sumt trans fólk fer í ferli til að leiðrétta kyn sitt til að samræma það við kynvitund sína. Þá er hægt að leiðrétta kynskráningu í þjóðskrá og breyta nafni, fara í hormonefærðir eða aðgerðir. Það er þó ekki allir sem kjósa að fara í kynleiðréttingarferli (Áttavitinn, 2021).

- Sís-kynja

Hugtakið sís eða sís-kynja er andheiti við trans, en það er þegar kynvitund fólks samræmist kyninu sem það fékk úthlutað við fæðingu (Áttavitinn, 2021).

- Þekkingarlegt ofbeldi

Þekkingarlegt ofbeldi er hugtak sem lýsir hvernig þekking er notuð til að kúga jaðarhópa. Valdastéttin ræður hvaða þekking er lögmæt og hverjir hafa aðgang að þekkingunni. Sú þekking sem ekki er talin lögmæt er þöggað niður, útilokuð og gerð ósýnileg. Vitneskja, menning og upplifun jaðarsettra hópa skipta ekki máli og eiga ekki við í þekkingarlegu samhengi. Þetta ýtir undir forréttindi og yfirráð ákveðinna hópa, sem eru oftast hvítir, gagnkynhneigðir og vestrænir. Ein birtingarmynd þekkingarlegs ofbeldis er nýlendukerfið. Þar dreifðu hvítir Evrópubúar út heimsmynd sinni, sem gagnaðist þeim, og aðrar hugmyndir voru þaggaðar niður og gerðar ólögmætar. Þekkingarlegt ofbeldi er beitt með lögum, í gegnum námskrár og menntastefnu (Jón I. Kjaran og Brynja E. Halldórsdóttir Guðjónsson, 2021).

2.2 Hinsegin félagsmiðstöð

Hinsegin félagsmiðstöðin er sértæk félagsmiðstöð fyrir hinsegin unglunga og ungmenni á aldrinum 13-17 ára. Einnig hafa þau starfrækt hópastarf fyrir 10-12 ára sem var tímabundið tilraunaverkefni (Samtökin 78, 2021). Frístundamiðstöðin Tjörnin sér um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í samvinnu við Samtökin 78.

Árið 2015 gerðu Samtökin 78 og Reykjavíkurborg þjónustusamning um að Tjörnin myndi reka félagsmiðstöð fyrir hinsegin ungmenni (Samtökin 78, e.d.-c). Með því að gera samninginn og hefja samstarf yrði fagleg þekking Tjarnarinnar nýtt í að halda utan um þennan hóp. Í dag eru starfsmenn Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar þrír, ein forstöðukona í 75% starfshlutfalli og tveir frístundaleiðbeinendur. Aðrir starfsmenn eru sjálfboðaliðar en þeir voru um 11 talsins starfsárið 2021-2022. Samtökin í samráði við forstöðukonu bera ábyrgð á sjálfboðaliðunum. Deildarstjóri Tjarnarinnar, stjórn Samtaka 78 og forstöðumaður Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar funda vikulega (Samtökin 78, 2022).

Félagsmiðstöðin er opin alla þriðjudaga kl. 19:30-22:00 í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar 101. Allir eru velkomnir en leitast er eftir því að veita hinsegin ungmennum öruggt rými og er því auglýst sérstaklega fyrir hinsegin ungmenni eða þau sem eru í hinsegin þælingum. Það veitir þeim öruggt umhverfi til að vera þau sjálf, prófa sig áfram með fornöfn og gefur þeim tækifæri til að kynnast öðrum í sömu þælingum. Þátttakendur þurfa þó ekki að vera hinsegin til að mæta og bera enga skyldu til að skilgreina sig við komu sína (Samtökin 78, e.d.-c). Markmið Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er að veita hinsegin ungmennum öruggt skjól fyrir þau til að kynnast öðrum hinsegin ungmennum, styrkja sjálfsmynd sína í uppbyggilegu

umhverfi og tilheyra þannig hinsegin samfélagi (Samningur um fræðslu í skóla- og frístundakerfi Reykjavíkurborgar, 3. Grein/2020.). Mæting í Hinsegin félagsmiðstöðina hefur aukist mikið á síðastliðnum árum og eru að meðaltali um 100 unglingar að mæta á hverja opnun (Samtökin 78, 2022). Samtökin 78 báru fyrst ábyrgð á því að finna húsnæði, sem var í raun skrifstofu húsnæði samtakanna á Suðurgötunni. Það húsnæði varð fljótt allt of lítið vegna aukinnar þátttöku og var því félagsmiðstöðin færð yfir í húsnæði félagsmiðstöðvar 101, eða Spennistöðina við Austurbæjarskóla. Þar sem félagsmiðstöðin er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og samtakanna þá er rekstur hennar fjármögnuð af fjárveitingum frá Reykjavíkurborg (Samtökin 78, 2020 -a).

Samkvæmt endurnýjun á samningi Reykjavíkurborgar við Samtakanna 78 átti að skoða hvort rekstur Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar ætti alfarið að fara undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (Anna Kristinsdóttir, 2020). Í desember 2021 samþykkti borgarráð að færa Hinsegin félagsmiðstöðina frá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu yfir í Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og sömuleiðis að hækka fjárveitingu til félagsmiðstöðvarinnar, sem getur haft góð áhrif á starfið. Forstöðumaður vill geta haft 10-12 ára starf, bæði almennar opnanir og hópstarf auk þess að fræða sjálfboðaliðana. Framtíðarmarkmið samtakanna er að í félagsmiðstöðinni starfi launað starfsfólk en ekki sjálfboðaliðar (Samtökin 78, 2022).

Þátttaka í félagsmiðstöðinni hefur farið vaxandi síðan hún byrjaði að starfa. Í ársskýrslu Samtakanna 78 (2022) kemur fram að haustið 2021 voru ekki nóg af sjálfboðaliðum til að komast til móts við þann fjölda sem var að mæta og var það farið að bitna á starfinu. Brugðist var við þessu með því að fá inn fagfólk úr félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar og öðrum félagsmiðstöðvum í Reykjavík og nágrenni. Einnig kom upp vandamál með að halda rýminu öruggu þar sem nokkrir unglingar voru að mæta til þess eins að angra aðra. Tekið var á því og tókst að stöðva það. Í kjölfar andláts eins þátttakanda var búið til hópstarf fyrir nánustu vini hans til að veita stuðning í gegnum áfallið. Ekki var til viðbragðsáætlun vegna sjálfsvígs barns sem tekur þátt í starfinu og þurfti því að hefja þá vinnu frá grunni. Þátttakanda hópurinn er í meiri hættu á að upplifa sjálfsvígshugsanir vegna fordóma (Samtökin 78, 2021).

Ljóst er að Hinsegin félagsmiðstöðin er mjög þarft verkefni þar sem starfsfólk og sjálfboðaliðar vinna mjög mikilvægt starf og þjónustar afar viðkvæman hóp enda hlaut verkefnið hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 2021. Þessi verðlaun eru veitt fyrir þróunar- og nýbreytnistarf á sviði lýðræðis- og mannréttindamála sem auka jafnræði, vinna gegn margþættri mismunun og stuðla að jafnri stöðu allra kynja. Í Hinsegin félagsmiðstöðinni er hinseginleikanum hampað og ekki talinn frávík (Reykjavíkurborg, 2021). Þrátt fyrir að margar góðar úrbætur hafi átt sér stað þá er

félagsmiðstöðin ennþá undirfjármögnuð. Draumsýn forstöðumanns er að fá meira fjármagn til að geta aukið stöðugildi, þjónustu og bætt við opnanunum (Samtökin 78, 2021).

2.3 Reykjavíkurborg og frístundamiðstöðin Tjörnin

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón yfir frístunda- og skólastarfi í Reykjavík. Hlutverk sviðsins er að móta stefnu og stuðla að fagmennsku. Í Reykjavík starfa fjórar frístundamiðstöðvar, undir þær heyra félagsmiðstöðvar og frístundaheimili. Þar af leiðandi sjá þær um rekstur þeirra, starfsmannahald og fjármál (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015).

Tjörnin sem er ein af frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar þjónustar Vesturbæinn, Miðborgina, Hlíðarnar og sér um rekstur Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Undir Tjörninni starfa fimm félagsmiðstöðvar. Í hverri félagsmiðstöð starfa um átta launaðir starfsmenn ásamt forstöðumanni og aðstoðarforstöðumanni. Í Hinsegin félagsmiðstöðinni eru starfandi einn forstöðumaður, tveir launaðir starfsmenn og 11 sjálfboðaliðar (Tjörnin, e.d.).

Ein af stefnum Reykjavíkurborgar er að jafna aðgengi barna og unglunga að skipulögðu frístundastarfi. Þá er lögð áhersla á að mæta þörfum minnihlutahópa, eins og hinsegin unglunga, með því styrkja verkefni sem bætir félagslega stöðu þeirra (Reykjavíkurborg, 2017). Ein af aðgerðum Reykjavíkurborgar er fræðsluátakið Regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Í því felst að starfsmenn stofnanna undir Reykjavíkurborg fá ítarlega fræðslu og hugmyndir um hvernig sé hægt að skapa hinseginvænni vinnustað (Reykjavík, e.d.).

2.4 Samtökin 78

Samtökin 78 eru hagsmunasamtök hinsegin fólks á Íslandi. Síðan árið 1978 hafa þau barist fyrir mannréttindum og hagsmunum hinsegin fólks. Í dag sér félagið einnig um fræðslu, ráðgjöf, stuðningshópa og félagsstarf. Ýmis félög eiga aðild að samtökunum, meðal annars Trans Ísland, Intersex Ísland o.fl. (Hinsegin frá ö til a, e.d.-d). Ráðgjafþjónustan stendur til boða fyrir hinsegin fólk og aðstandendur. Þar starfa félagsráðgjafar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar og aðrir meðferðaraðilar (Samtökin 78, e.d.-a). Auk þess halda samtökin úti fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur skóla og félagsmiðstöðva (Samtökin 78, e.d.-b). Innan samtakanna starfar starfshópur hinsegin ungmenna. Tilgangur hans er að greina þarfir hinsegin barna og ungmenna, aðlaga úrræðin sem eru í boði að þörfum þeirra og stuðla að öruggu rými. Ásamt því starfar ungmennaráð Samtakanna 78 sem var stofnað á aðalfundi 2021. Ráðið starfar í umsjá starfsfólks og forstöðumanni Hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna 78 og Tjarnarinnar (Samtökin 78, 2022).

2.5 Samantekt

Hér er búið að fjalla um stærsta úrræðið sem er í boði fyrir hinsegin ungmenni á Íslandi, starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Starfið er vinsælt og þátttakendur virðast leita í það til að fá stuðning sem þau fá ekki annars staðar. Erfitt hefur reynst að manna vaktir, en aðrar félagsmiðstöðvar hafa verið að lána starfsmenn til að komast til móts við fjöldann. Starfið byggist aðallega á sjálfböðastarfi þar sem ekki er nógu mikið fjármagn til að hafa launaða starfsmenn. Einnig voru þau hugtök skilgreind sem nauðsynlegt er að þekkja til að skilja inntak ritgerðarinnar. Í næsta kafla verður fjallað um kenningar sem stuðst er við.

3 Kenningar

Í þessum kafla er farið yfir þær kenningar sem stuðst er við í ritgerðinni. Þær tengjast hinsegin veruleika og tómsundastarfi. Fyrst er fjallað um gagnkynhneigðarhyggjuna, því næst um hindrana módel og öruggt rými.

3.1 Gagnkynhneigðarhyggja

Hugtakið vísar í staðlaðar hugmyndir samfélagsins um kynhneigð og kynhegðun. Gagnkynhneigðarhyggja lýsir sér þannig að gagnkynhneigð er talið hið eðlilega, eða eins og fólk ætti að vera. Þetta er hugmyndafræði þar sem litið er á gagnkynhneigð sem æðri öðrum kynhneigðum og gerir að verkum að gagnkynhneigt fólk hefur ákveðin forréttindi. Allar aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð eru taldar vera frávik. Þeir sem kjósa að vera í öðrum sambandsformum eða hegða sér utan gagnkynhneigðar og kynjatvíhyggjunormsins, er refsað og niðurlægðir. Gagnkynhneigðarhyggja elur af sér hómófóbíu og þrífst hún áfram vel í því umhverfi (Nunn o.fl., 2017). Pharr (2000) skilgreindi fjögur merki um það hvernig gagnkynhneigðarhyggja birtist í samfélaginu. Fyrsta merkið er að fólk reikni með að allir séu gagnkynhneigðir, þar til annað kemur upp. Annað merki er að eðlilegt sé að gagnkynhneigðir hafi forréttindi og forræði. Þriðja merkið er að hinsegin fólk sé talið vera minna virði en gagnkynhneigðir á kerfisbundin hátt. Fjórða merki er þvinguð gagnkynhneigð, þegar börnum er kennt að vera gagnkynhneigð og alin þannig upp í gegnum orðræðu og hvatningu. Samfélag sem einkennist af gagnkynhneigðarhyggju getur verið fráhrindandi fyrir hinsegin ungmenni.

3.2 Hindrana módel

Ýmis hindrana módel hafa litið dagsins ljós til að reyna útskýra takmarkanir á þátttöku í tómsundum jaðarhópa þar sem ástæður geta verið margar. Anthony Giddens (1978) þróaði kenningar um það hversu mikil völd fólk hefur á að velja umhverfi og líf sitt. Sem dæmi má nefna að foreldrar skapa hindranir með því að velja tómsundir sem þeim finnast henta barni sínu. Barnið erfir því tómsundaval frá foreldrum en nær ekki að kynnast öðrum tómsundum á sínum forsendum. Sumar tómsundir eru taldar karlæggar og aðrar kvenlegar sem getur virkað sem hindrun fyrir fólk sem falla ekki undir viðeigandi staðalímyndir á kyni og kynvitund einstaklinga í þeirri tómsund (Lamsal, 2012).

Crawford (Best, 2009, bls. 56) skilgreindi þrjár hindranir:

Innri persónuþættir – áhugi, hæfileikar og tilfinningar hafa áhrif á frístundaval.

Ytri persónuþættir - Mannleg samskipti við aðra hefur áhrif á tómsundaval.

Kerfislægir þættir – þættir umfram einstaklinginn eins og aldur, kynþáttur, kynhneigð, kynvitund, stétt og kyn hindra þátttöku.

Að vera hinsegin getur því verið hindrun vegna kerfislægra þátta. Það er vegna þess að hinsegin einstaklingar upplifa fordóma í samfélaginu og í tómsundum. Í rannsókn sem gerð var á vali áfangastaða í ferðalögum samkynhneigðs fólks var tekið viðtöl við samkynhneigða einstaklinga. Í niðurstöðum kom fram að flestir vildu fara á stað sem væri öruggur fyrir samkynhneigða, þar sem þau þyrftu ekki að upplifa gagnkynhneigðarhyggju og gætu sýnt maka sínum ástúð á meðal almennings. Því gætu hinsegin rými verið valdeflandi. Fólk sækist í að vera í kringum fólk sem það á félagslega og menningarlega sameiginlegt með (Pritchard o.fl., 2000). Hinsegin unglingar geta því verið að forðast að mæta í almennar félagsmiðstöðvar út af lélegu aðgengi, vegna félagslegrar og kerfisbundinnar hindrunar.

3.3 Öruggt rými

Kenningar um öruggt rými spruttu úr feminískri hugmyndafræði á seinni hluta 20. aldar. Tilgangur þeirra er að gefa jaðarsettum hópum rými þar sem þeir eiga ekki í hættu að verða fyrir ofbeldi eða áreiti út frá hópnum sem þau tilheyra. Þetta gerir þeim kleift að vera frjáls í eigin skinni án þess að óttast það að verða fyrir áreiti. Hugmyndin nær yfir hópa sem búa við ótta yfir því að verða fyrir fordómum og félagslegu-, andlegu-, og líkamlegu ofbeldi sem raskar daglegt líf. Samkvæmt feminískum fræðum þá tengist óttinn kynbundnum valdatengslum og kerfisbundnu ofbeldi frekar en árásum á einstaklingum innan jaðarsettra hópa. Öryggi getur einnig verið breytilegt, sem dæmi getur verið öruggt að ganga einn um almenningsrými yfir daginn en hættulegt að kvöldi til. Það getur líka verið breytilegt eftir fólki og hvaða kyn, kynþátt, kynhneigð, stétt eða aldri fólk tilheyrir eða skilgreinir sig sem. Tilgangur öruggra rýma er að efla og styrkja jaðarsetta hópa en ekki að skapa aðskilnað í samfélaginu. Að skapa örugg rými er góð leið til að stuðla að félagslegu réttlæti ásamt því að viðurkenna sérstöðu jaðarsettra hópa og fagna fjölbreytni (Roestone Collective, 2014).

Bell hooks (1994) lýsir því hvernig líf hennar breyttist eftir að aðskilnaðarstefna kynþátta í Bandaríkjunum var aflétt. Hún var sjálf svört og var í skóla þar sem voru einungis svart fólk; kennarar, nemendur og annað starfsfólk. Þar var andi skólans byggður á baráttu gegn kynþáttafordómum og hún leit upp til kennara sem litu út eins og hún. Eftir að aðskilnaðarstefnan var afnumin var hún færð yfir í skóla hvítra, þar sem kennararnir voru allir hvítir og rasískir. Þó skólinn sem hún var í áður hafi verið byggður á aðskilnaðarstefnunni, þá myndaðist öruggt rými fyrir ungt svart fólk til að mennta sig án þess að verða fyrir rasisma. Hægt væri að búa til svona rými, án aðskilnaðarstefnu.

Það er einnig hægt að gera almenningsrými að öruggu rými fyrir hinsegin fólk. Skólar sem eru með eineltisáætlanir sem taka mið af stöðu krakka sem tilheyra minnihlutahópum virðast bera meiri árangur í að veita hinsegin krökkum vernd (Grozelle, 2017). Í grein Lisu Gay-Milliken (2020) kemur hún með tillögur um hvernig hægt sé að gera skólalabókasafn öruggara fyrir

hinsegin nemendur ásamt því að fjalla um upplifun sína sem hinsegin einstaklingur. Hún fann ekkert efni sem hún gat speglað sig í sem ung lesbía á bókasafni skólans. Hún nefnir að mikilvægt sé að passa að það sé til efni sem endurspeglir mannflórana og gefi krökkum tækifæri til að spegla sig í bókunum sem þau lesa. Það þarf samt að gæta þess að bækurnar séu ekki á sér bókahillu, sem gerir hinsegin börnum, sem ekki eru komin út úr skápnum, erfitt fyrir að sækja sér efnið vegna hræðslu á að einhver sjái þau. Einnig talaði hún um að mikilvægt sé að starfsfólk sé upplýst og gefi færi á sér til stuðnings. Það er hægt með því að vera með merki á sér sem gefur til kynna að öruggt sé að tala við starfsmanninn um málefnið og að starfsmaður beri fornöfn á starfsmannspjaldi til að normalisera að kynna sig með fornöfnum. Leiðin að bættu aðgengi er því að bæta sýnileika, aðgengi og fræðslu til starfsfólks svo þau geti veitt stuðning og frumkvæði í samskiptum við krakkanna.

Það er mikilvægt að skapa öruggt rými fyrir unglinga til að móta sjálfsmynd sína og því er nauðsynlegt að hafa rými fyrir hinsegin unglinga til að prófa sig áfram með fornöfn og skilgreiningar án þess að aðrir dæmi. Hins vegar getur örugga rýmið snúist í andhverfu sína þar sem einhverjir af hinsegin unglöngunum gætu eignað sér rýmið og ákveðið hverjir fá inngöngu og banna þeim sem þau vilja ekki fá inn. Því þarf að vera til staðar fagaðili sem getur haft umsjón með rýminu (Schreuder, 2021). Það er þó mikil þörf fyrir öruggt rými meðal hinsegin unglinga og hinsegin fólks almennt. Þar sem þau eiga í aukinni hættu á að upplifa ofbeldi, eru líklegri til að fremja sjálfsvíg eða leiðast út í vímuefnaneyslu heldur en gagnkynhneigt síð-kynja fólk. Í gegnum öruggt rými fá þau aðgengi að fræðslu og sýnileika sem þau þurfa. Ásamt því er það góð leið til að vekja athygli á fordómum og gagnkynhneigðarhyggju sem þau gætu verið að kljást við í daglegu lífi. Aftur á móti þarf að hafa í huga, þegar öruggu rými er komið á fót, að innan hinsegin samfélagsins er mikil fjölbreytni, þó svo að rýmið sé öruggt fyrir hinseginleika þá geta þeir sem einnig tilheyra öðrum hópum ekki upplifað sig örugga vegna kynþáttar, þjóðerni, fötlunar eða stétt (Fox, 2010).

Rannsókn gerð á áhrifum Kíkí senunnar á hinsegin ungmenni í Philadelphiu, Bandaríkjunum, varpaði ljósi á mikilvægi öruggra rýma fyrir hinsegin ungmenni. Kíkí senan var mynduð um árið 2000 af hinsegin ungmennum og aktivistum til að skapa öruggt rými fyrir ungt hinsegin fólk sem tilheyrði kynþátta minnihlutahópum. Þetta var gert til að tryggja þeim skjól, mat, stað til að eiga samskipti og veita þeim fræðslu um HIV. Mikil þörf var fyrir öruggt rými á þessum tíma en þetta voru aðallega krakkar sem voru rekin af heimilum sínum vegna hinseginleika síns. Kíkí senan spratt út frá hinsegin ball menningu, en þar hafði eldra hinsegin fólk völdin og var meiri þörf fyrir stað þar sem ungmenni fengu tækifæri á að byggja leiðtogaferni sína og hæfileika með jafnöldrum sínum. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að þátttaka ungmennanna í senunni hafði jákvæð áhrif á ungmennin. Þau öðluðust

leiðtogafærni, efldu félags- og tilfinningaþroska í líkamlegu og tilfinningalega öruggu rými (Harper o.fl., 2020).

Að veita hinsegin ungmennum öruggt rými í tómstunda- og félagsstarfi er leið til að valdefla þau og hinseginleika þeirra. Ef það er gert með því að aðgreina starfið frá öðru hefðbundnu starfi er það gert til að tryggja öryggi ungmennanna. Þar sem flest hinsegin ungmenni alast upp í gagnkynhneigðu- og sískynja normi yrði aðgreint hinsegin tómstundastarf því einungis til að bæta lífsgæði þeirra. Það er þó mikilvægt að gera allt tómstunda- og félagsstarf að öruggu rými eins og Gay-Milliken(2020) kom inn á.

3.4 Samantekt

Gagnkynhneigðarhyggja er hugtak sem lýsir því hvernig kerfislægir fordómar og kúgun gagnvart hinsegin fólki birtast í samfélaginu. Í hindrana líkani Crawfords er einmitt komið inn á hvernig hindranir á þátttöku í tómstundastarfi geta verið kerfislægir og er gagnkynhneigðarhyggja dæmi um það. Örugg rými eru fyrir samfélagshópa sem upplifa sig óörugga eða í hættu á áreitni, fordómum eða ofbeldi. Að stuðla að öruggu hinsegin rými í tómstunda- og félagsstarfi væri því góð leið til að bæta aðgengi hinsegin fólks að starfinu. Hinsegin félagsmiðstöðvastarf er dæmi um öruggt hinsegin rými í tómstunda- og félagsstarfi fyrir hinsegin ungmenni. Næsti kafli fjallar nánar um hinsegin ungmenni, þarfir þeirra og hlutverk félagsmiðstöðva.

4 Hinsegin ungmenni á Íslandi

Hér verður fjallað um rannsóknir á stöðu hinsegin ungmenna, fordómum, áhrifum fyrirmynda, þörfinni fyrir að tengja við hóp og ávinning félagsmiðstöðvastarfs. Auk þess er vitnað í viðmið, stefnur og samþykktir opinberra stofnanna um fagmennsku í tómsunda- og félagsmálum.

4.1 Fordómar í skólakerfinu

Skólakerfið virðist vera mjög gegnsýrt af gagnkynhneigðarhyggju þar sem gagnkynhneigð er þröngvað upp á nemendur í gegnum námsbækur og menningu til að mynda á dansleikjum þar sem strákar bjóða stelpum á böll. Allar aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð eru bældar niður og hvatt er til gagnkynhneigðar í gegnum skólamenninguna. Þetta getur verið eitru fyrir sjálfsmynd og geðheilsu hinsegin krakka (Temple, 2005). Einnig ýtir það undir kynjatvíhyggjuna með því að hafa stráka og stelpuklefa og gerir það að verkum að ungmenni sem eru trans, eða skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar, upplifi sig ekki velkomna. Í þessu kerfi eru hinsegin krakkar í meiri hættu á að verða fyrir einelti sem lætur þau fela kynhneigð eða kynvitund sína frá öðrum. Það eru ekki allir trans krakkar sem lifa þessa menningu af, sem kúgar og bælir niður kynvitund og kyntjáningu niður í kynjatvíhyggjuboxið. Það er mikil þörf á menntastofnunum sem koma jafnt fram við alla og hlusta á trans krakka og taka mið af þeirra upplifun. Einnig þarf að vinna með sjálfsvígsvanda þeirra og veita þeim stuðning (Keenan, 2017).

Samkvæmt rannsóknum hafa fordómar sem spretta fram í þessu umhverfi mjög skaðleg áhrif. Þau sem verða fyrir fordómum út frá gagnkynhneigðarhyggju eru líklegri til að þróa með sér lélega sjálfsmynd og fordóma fyrir sjálfum sér (Lewis o.fl., 2018). Afleiðingarnar geta verið skelfilegar líkt og gerðist í Anoka-Hennepin skólanum þegar níu nemendur féllu fyrir eigin hendi á árunum 2009-2011. Talið er að ein af ástæðunum sem leiddi til þess að þau tóku sitt eigið líf hafi verið áreitnin og eineltið sem þau urðu fyrir í skólanum vegna kynhneigðar eða kynvitundar sinnar. Aðstandendur staðfestu að fjórir af nemendunum höfðu verið opinberlega samkynhneigðir eða tvíkynhneigðir. Gagnkynhneigðarhyggja í menningu skólans var orðin svo skaðleg að starfsfólk skólans þorði ekki að bregðast við einelti sem nemendur urðu fyrir vegna kynhneigðar eða kynvitundar. Starfsfólk óttuðust það að verða sagt upp fyrir að stöðva einelti á hinsegin nemendum, því með því væru þau að taka afstöðu með hinsegin málefnum. Skólinn krafðist þess að kennarar væru hlutlausir varðandi þessi mál (Grozelle, 2017). Hinsegin fólk er í meiri áhættu á að fremja sjálfsvíg eða fá sjálfsvígshugsanir heldur en aðrir. Geðraskanir virðast ekki vera ástæða sjálfsvíganna heldur spila fordómar og mismunur á þessum hópi meira inn í að þessir einstaklingar telja sig betur af látnir en lifandi (Figueiredo og Abreu, 2020).

Gagnkynhneigðarhyggja í menningu skóla hefur þó ekki aðeins slæm áhrif á hinsegin ungmenni heldur líka gagnkynhneigð, síð-kynja ungmenni þar sem gagnkynhneigðarhyggja ýtir undir stífa kynjatvíhyggju og eittraða karlmennsku. Það gerir það að verkum að það sé eðlilegt að stelpur séu undirgefnar og strákar fái alla athyglina og njóta vinsælda. Vinsældir stelpnanna felst í að ná athygli strákana og vera aðlaðandi fyrir þá (Payne, 2007). Gagnkynhneigðarhyggja er því mikið vandamál í skólum erlendis sem er að hafa slæm áhrif á geðheilsu hinsegin ungmenna. Litið er til svipaðra rannsókna sem gerðar hafa verið á Íslandi um gagnkynhneigðarhyggju á næstu blaðsíðum.

4.2 Staða hinsegin ungmenna á Íslandi

Ísland er talið vera eitt af fremstu ríkjum þegar kemur að jafnrétti kynjanna og réttindum hinsegin minnihlutahópa. Ísland hefur skorað hátt í viðhorfum almennings á hinsegin minnihlutahópum en lagalega séð skorar Ísland ekki jafn hátt (Ilga Europe, 2020). En þrátt fyrir að Ísland sé framarlega í viðhorfum gagnvart hinsegin fólki þá sýna rannsóknir að andleg líðan hinsegin ungmenna sé ekki góð. Í samstarfi GLSEN, Columbia háskóla og Háskóla Íslands gerðu Samtökin '78 könnun á líðan ungmenna í skólum. Niðurstöður sýndu að þriðjungur hafi orðið fyrir munnlegri áreitni og upplifði sig óörugga út af kynhneigð eða kynvitund sinni (Samtökin 78, 2020 - b). Á árinu 2020 varð 40% aukning á ungmönnum og unglíngum sem sóttu sér ráðgjafarþjónustu hjá Samtökunum '78. Þetta tengist því líklega að opin hús í Hinsegin félagsmiðstöðinni féllu niður út af samkomutakmörkunum vegna Covid-19. Þar höfðu þau fengið þann stuðning sem þau þurftu á að halda fyrir Covid faraldurinn (Ilga Europe, 2020).

Þá virðast íslensk ungmenni vera fórnarlömb gagnkynhneigðarhyggju og þekkingarlegs ofbeldi í skólum. Orðræða innan framhaldsskóla, bæði meðal kennara og nemenda, getur verið mjög útilokandi gagnvart hinsegin nemendum. Gert er ráð fyrir að allir falli undir gagnkynhneigð, síð-kynja norm og kynjatvíhyggjuna. Það gefur til kynna að líkamar, tjáningar og tilfinningar hinsegin nemenda séu ekki velkomin innan veggja skólans. Þessi gerð fordóma er lúmsk þar sem kennarar eru stundum ekki varir við að þeir séu með fordóma og flestir nemendur eru ekki með styrk né þekkingu til að bregðast við þessari orðræðu. Í staðinn draga þeir sig í hlé og reyna að falla inn í normið (Jón I. Kjaran og Brynja E. Halldórsdóttir Guðjónsson, 2021). Niðurstöður rannsókna á kynferðiseinelti sýna að það fær að viðgangast í skólamenningu framhalds- og grunnskóla á Íslandi. Kynferðiseinelti viðheldur eitruðum kynjanormum þar sem ástæða eineltisins er kyn, kyngervi, kynvitund eða kynhneigð þolanda. Hinsegin ungmenni eru því líklegri til að verða fyrir kynferðislegu einelti, þar sem þau falla ekki innan kynjatvíhyggjunnar (Rannveig Á. Guðjónsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir 2018).

Menning í framhaldsskólum einkennist af því að prófa sig áfram með hinu kyninu. Þá er til dæmi um að samkynhneigð ungmenni, sem eru ekki komin út úr skápnum, fari í ballsleiki við

nemendur af gagnstæðu kyni til að falla inn í hópinn. Þá hafa þau sem eru komin út úr skápnunum lýst því að þau fái mikið af óviðeigandi persónulegum spurningum frá samnemendum sínum sem gagnkynhneigðir myndu vanalega ekki fá. Ásamt því eru mikið af hinsegin ungmennum enn í skápnunum því þau hafa ekki áttað sig á hinseginleika sínum vegna skorts á fyrirmyndum (Jón I. Kjaran og Ingólfur Á. Jóhannesson, 2010).

Skólar hafa ákveðin völd þegar kemur að þekkingu gagnvart samfélaginu, þeir eiga því að vera öruggt rými. Samt beita þeir hinsegin nemendur sína þekkingarlegu ofbeldi. Það sem yfirmenn skóla og starfsmenn þurfa að átta sig á er að það eru ekki krakkarnir sem þurfa að aðlagast kerfinu heldur þarf kerfið og stofnanir að breytast til að gefa minnihlutahópum það örugga rými sem þau eiga skilið (Jón I. Kjaran og Brynja E. Halldórsdóttir Guðjónsson, 2021).

4.3 Þörf á fyrirmyndum og að tilheyr

Margvíslegir þættir hafa áhrif á geðheilsu hinsegin ungmenna og unglinga, meðal annars mismunun, fordómar og skortur á stuðningi frá fjölskyldu, vinum og samfélaginu. Rannsóknir gefa til kynna að ungmenni sem fá jákvæðan félagslegan stuðning eru líklegri til að lifa við góða geðheilsu (Sarna o.fl., 2021). Í skólakönnun sem Samtökin 78 (2020-b) lagði fyrir íslensk hinsegin ungmenni kemur fram að þau voru líklegri til að upplifa sig tilheyr skólasamfélaginu ef kennarar væru styðjandi hinsegin málefnum og í kjölfarið ólíklegri til að skrópa í skólann. Stuðningur frá kennurum er því mjög mikilvægur. Innan hinsegin samfélagsins er hærri tíðni þunglyndis, fíknisjúkdóma, heimilisleysis og aukin hætta á sjálfsvígum vegna fordóma sem hinsegin einstaklingar þurfa að þola. Miklar líkur eru á því að hinsegin börn og ungmenni fæðist inn í gagnkynhneigðar fjölskyldu, þar sem foreldrarnir eru gagnkynhneigðir og flest önnur skyldmenni, ef ekki öll. Það er því mikilvægt fyrir þau að geta nálgast fyrirmyndir annars staðar sem samræmist hinseginleika þeirra. Þetta gæti til að mynda verið eldra hinsegin fólk sem getur kennt þeim að lifa af í gagnkynhneigða og síð-kynja miðuðu samfélagi (Boulay o.fl., 2020). Hinsegin háskólanemar, sem tóku þátt í leiðbeinenda verkefni, lýstu yfir meiri áhuga á að hafa hinsegin leiðbeinenda. Það er líklega vegna þess að þeim skortir sýnileika, aðgengi og tengingu við hinsegin samfélagið. Auk þess eru fáar fyrirmyndir til innan menntastofnananna sem þau eru í eða hafa verið áður í. Það að eiga sér eldri leiðbeinanda hefur mjög jákvæð áhrif á ungmenni og hafa kannanir leitt í ljós að það geti dregið úr áhættuhegðun, bætt sjálfstraust, geðheilsu og félagsfærni (Sarna o.fl., 2021).

Tilfinningin að tilheyr er mikilvæg fyrir heilsu fólks. Það tengist því hvernig fólk upplifir félagslegan stuðning og að þeim líði eins og að öðrum sé ekki sama um sig. Auk þess að það sé metið verðleikum og skipti máli gagnvart öðrum. Þörfin á að tilheyr hefur áhrif á metnað fólks í að leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins og þar að auki hefur það áhrif á þrautseigju og árangur í námi. Fólki sem finnst það ekki tilheyr er líklegri til að vera með minna sjálfstraust

og þróa með sér þunglyndi. Fólk sem tilheyrir minnihlutahópum, eins og hinsegin fólk, getur átt erfiðara með að upplifa sig tilheyra samfélaginu (Gao og Liu, 2021). Það er mjög mikilvægt fyrir hinsegin fólk að því líði eins og það tilheyri samfélagi þar sem það hefur jákvæð áhrif á heilsu og líðan þeirra. Þörfin á að tilheyra samfélagi fólks sem deilir einhverju sameiginlegu er ein af tilfinningalegum þörfum mannsins. Í rannsókn sem gerð var á tvíkynhneigðu fólki kom í ljós að þátttaka í hinsegin félagslegum viðburðum, þar sem þau kynntust öðru tvíkynhneigðu fólki, ýtti undir bætt sjálfstraust og betri sjálfsmynd sem getur virkað sem vörn gegn áhrifum fordóma á sálarlíf þeirra (Gonzalez o.fl., 2021).

4.4 Mikilvægi félagsmiðstöðvastarfs

Á unglingsárunum upplifa unglingar miklar félagslegar breytingar og getur því hegðun þeirra orðið ófyrirsjáanleg. Fræðilega séð eru félagsmiðstöðvar ákveðið tól til að stýra menningu unglunga á uppbyggilegan og jákvæðan hátt út frá þeirra upplifun og löngunum. Þær eru gerðar til að vernda unglunga og framtíð þeirra. Ásamt því eru þær gott tól til að koma í veg fyrir áhættuhegðun og veitir unglingum öruggt rými til að þroskast með jafnöldrum sínum undir forsjá fagfólks (Árni Guðmundsson, 2016). Það er mjög mikilvægt að unglingar hafi öruggan stað til að mæta og vera á, sem er annað en heimilið sitt. Það eru nefnilega ekki allir unglingar sem eiga gott fjölskyldulíf eða bakland þar sem þau fá þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Þá er betra að þau geti mætt á stað þar sem fagmenn taka á móti þeim og geta veitt þeim stuðninginn sem þau þurfa. Starfsmennirnir geta skapað tækifæri fyrir unglunga, verið þeim jákvæð fyrirmynd og þannig haft áhrif á framtíð þeirra. Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð er því mjög ábyrgðarfullt starf (Witt og Cardwell, 2018).

Gildi félagsmiðstöðvastarfs byggist á þremur gildum frítímans sem eru; forvarnargildi, menntunargildi og afþreyingargildi. Helsta forvarnargildið felst í því að unglingarnir taki þátt í skipulögðu starfi sem er skipulagt af fagfólki (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019). Í rannsókn þar sem kannað var áhrif tómskundaiðkunnar unglunga á áfengisneyslu þeirra kom í ljós að þau væru ólíklegri til að neyta áfengis ef þau tóku þátt í skipulögðu tómskundastarfi í frítíma sínum. Einnig hafði tíðni mætinga í starfið áhrif en því oftast sem þau mættu því minni var áfengisneysla þeirra (Prieto-Damm o.fl., 2019). Það er örugga rýmið og fagfólkið sem kemur í veg fyrir að þau séu einhvers staðar að stunda áhættuhegðun. Í félagsmiðstöðvum eru reglur sem stríða gegn óæskilegri hegðun og bjóða upp á jákvæð viðfangsefni. Þátttaka unglunga í skipulögðu félagsstarfi er því ákveðin verndandi þáttur frá því að þeir leiðist út í áhættuhegðun (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019). Að umgangast jafnaldra sína er mjög þroskandi fyrir unglunga, en það getur líka haft neikvæð áhrif. Þau skiptast á hugmyndum og skoðunum sem eru stundum ekki æskilegar. Því er mikilvægt að starfsfólk sé til staðar til að taka umræðuna og fræða unglungana á uppbyggjandi og jákvæðan hátt (Zawadzki o.fl., 2015).

Rannsóknir styðja það að gott forvarnarstarf felst í því að vinna með allan hópinn frekar en bara einstaklinginn. Þannig er hægt að breyta viðmiðum, skoðunum og hegðun hópsins sem hefur svo meiri áhrif á einstaklinginn og gefur betri forvörn (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019). Einnig getur hópastarf verið sértækt og notað til að styðja við ákveðin hóp. Dæmi af þessu er hópastarfið sem var komið á fót í kringum þátttakendur í Hinsegin félagsmiðstöðinni sem höfðu misst vin sinn (Samtökin 78, 2021).

Menntunargildi félagsmiðstöðva felst í félagsmótun. Þar sem skoðanir, þroski og gildi mótast í félagslegum samskiptum unglunga. Þroski er félagslegt ferli þar sem fólk þroskast og speglar sjálfsmynd sína í samskiptum við aðra (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Menntunargildið byggist því á reynslunámi eða óformlegu námi þar sem unglungarnir fást við ýmis verkefni sem eflir frumkvæði og sköpunarhæfileika (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019). Hópar hafa áhrif á félagsmótun einstaklinga og er því mikið unnið í hópastarfi í félagsmiðstöðvum. Þá getur fagfólk unnið með menningu hópsins og beint honum á jákvæðan veg. Einnig er gott fyrir unglunga að læra að skilja stöðu sína í jafningjahópum. Fagfólk getur einnig aðstoðað einstaklinga í samskiptum og þannig breytt stöðu þeirra innan hópsins (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Það sem felst í afþreyingargildinu eru viðfangsefni félagsmiðstöðvarinnar. Að hafa gaman og leika sér er mikilvægur partur af félagsmiðstöðvastarfi. Það er einnig nauðsynlegt fyrir geðheilsuna. Það er ákveðin forvörn í því að hafa stað fyrir unglunga til að leika sér og halda partý sem eru ekki eftirlitslaus. Ef þau hefðu ekki félagsmiðstöðina þá myndu þau finna sér aðra staði til að skemmta sér úr augsjón fullorðinna og gæti það leitt til slæmrar ákvarðanatöku og áhættuhegðunar. Leikir og félagslíf er í raun ákveðið reynslunám. Það má því segja að afþreyingar-, forvarnar- og menntunargildið tengist allt saman (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019). Skipulagt tómsunda- og félagsstarf er vettvangur sem ýtir undir mannréttindi, jafnrétti, félagslíf og að allir fái tækifæri á að tilheyra samfélaginu. Að tryggja börnum þátttöku í skipulögðu tómsunda- og félagsstarfi er því mikilvægt fyrir þróun einstaklinga og þar með framtíð samfélagsins (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022). Það sem gerir félagsmiðstöðvastarf frábrugðið öðru skipulögðu tómsunda- og félagsstarfi er að það er valfrjálst að taka þátt (Jeffs og Smith, 2010).

4.5 Fagmennska

Samkvæmt viðmiðum Reykjavíkurborgar á gæðum í frístundastarfi er markmið félagsmiðstöðva að unglingar temji sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar. Notast er við reynslunám til að efla sjálfsmynd, samkennd, virðingu og félagsfærni hjá unglingum. Unglingar fá þar tækifæri til að eiga í uppbyggilegum samskiptum, stunda áhugamál sín og framkvæma hugmyndir sínar. Starfsmenn vinna út frá verkferlum og aðgerðaráætlunum. Lögð er áhersla á

að öll börn 10-16 ára hafi aðgengi að félagsmiðstöðvunum sínum. Börn sem þurfa á auknum stuðningi að halda, eiga að fá þá þjónustu sem þau þurfa (Björk Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2015).

Starfsfólk félagsmiðstöðva þarf að uppfylla ákveðnar hæfniskröfur. Góð samskiptahæfni er nauðsynleg auk þess að geta skipulagt sig og sýnt frumkvæði. Jafnframt er mikilvægt að ráðið sé inn fjölbreytt starfsfólk með margvísleg áhugamál til að endurspegla unglingshópinn. Þar að auki er ákjósanlegt að starfsmenn séu með einhvers skonar menntun sem nýtist í starfinu sem og reynslu. Starfsfólkið er oft fyrirmyndir barnanna og mun hafa gífurleg áhrif á þau, þá er mikilvægt að þau séu meðvituð um ábyrgðina sem fylgir starfinu. Það er mikilvægt að starfsfólk þekki sín mörk á milli einkalífsins og hlutverki sínu sem fyrirmynd. Það þarf að gæta trúnaðar en jafnframt tilkynna mál áfram til viðeigandi fagaðila, barnavernd eða barnahúss þegar það á við. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggur mikla áherslu á fagmennsku og hvetur starfsfólk til menntunar (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019). Til að félagsmiðstöðvastarf standist viðmið gæðastarfs hjá Reykjavíkurborg þarf starfsfólk að kannast við starfsskrá félagsmiðstöðva ásamt öðrum reglum og lögum sem tengjast börnum og frístundastarfi. Þar að auki er mikilvægt fyrir starfsfólkið að kynna sér reglugerðir sem snerta ólíka hópa samfélagsins til að geta komist til móts við þarfir mismunandi barna. Það þarf að geta tekið þátt í faglegri umræðu (Björk Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2015). Í stefnu Reykjavíkurborgar í frístundamálum til ársins 2025 (2017) kemur fram að aukin fagmennska sé ein af megin áherslum stefnunnar. Þar sem ein af forgangsáðgerðum sé að fjölga útskrifuðum tómsunda- og félagsmálafræðingum í frístundastörfum í Reykjavík til að bæta fagmennsku. Meiri kröfur, um menntun og reynslu, eru gerðar á starfsfólk í sértækum félagsmiðstöðvum, þar sem unnið er með jaðarhópa. Þar af leiðandi eru einnig gerðar meiri kröfur á fjármagn til reksturs á sértækum félagsmiðstöðvum (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Í nýrri stefnu Mennta- og barnamálaráðuneytis (2022) um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna kemur fram að starfsfólk er lykilatriðið í að starfið uppfylli menntunnar-, forvarnar- og afreyingargildi frítímans. Tómsunda- og félagsmálafræðimenntun er undirstaða að faglegri þekkingu á þessu sviði og mikilvægt er að starfsfólk hafi þá þekkingu sem þarf til að skapa öruggt rými fyrir börn og unglinga. Eitt af undirmarkmiðum, mennta- og barnamálaráðuneytis í rekstrarmálum, er að fjármögnun tómsunda- og frístundastarfa muni byggja á að það standist gæðaviðmiði í frístundastarfi.

4.6 Samantekt

Hinsegin unglingar eru líklegri en önnur ungmenni til að upplifa andlega erfiðleika eins og slæma sjálfsmýnd, þunglyndi, sjálfsvígshugsanir og fíkn vegna fordóma samfélagsins gagnvart

hinseginleika. Það hafa fundist orsakatengsl milli gagnkynhneigðarhyggju í skólum og andlegrar líðan hinsegin nemenda. Gagnkynhneigðarhyggja einkennir menningu og orðræðu innan íslenskra skóla. Þriðjungur hinsegin ungmenna hafa orðið fyrir munnlegri áreitni og upplifa sig óörugga með kynhneigð sína í skólanum sem er líklega afleiðing gagnkynhneigðarhyggju. Að upplifa sig tilheyra samfélagi hefur jákvæð áhrif á líðan hinsegin ungmenna og getur virkað sem vörn gegn áhrifum fordóma á sjálfsmynd. Einnig hjálpar að hafa fyrirmyndir sem þau geta speglað sig í og leitað til. Tilgangur félagsmiðstöðva er einmitt að bjóða upp á stað fyrir ungmenni til að eiga samskipti við jafnaldra sína og starfsfólk sem gegnir því hlutverki að vera jákvæðar fyrirmyndir. Aðalatriði þess að félagsmiðstöð standist gildin sín er starfsfólkið og skiptir því fagmennska gríðarlegu máli. Félagsmiðstöðvar eiga að veita stuðning til þátttakenda við að eiga uppbyggjandi samskipti sín á milli og varðveita menningu unglinga. Því hentar hugmyndin um félagsmiðstöð vel sem úrræði handa þeim viðkvæma hóp sem eru hinsegin. Það er minnst á í menntastefnum, starfsskrá og viðmiðum opinbera stofnana að það eigi að tryggja öryggi allra barna í tómstundastörfum og komast til móts við þarfir ólíkra hópa. Einnig að sértækar félagsmiðstöðvar krefjist meira fjármagns vegna þarfarinnar á sérhæfðu og menntuðu starfsfólki.

5 Umræður

Þegar inntak kaflanna hér að ofan er dregið saman má sjá að það er mikil þörf á að bæta aðgengi hinsegin unglinga að félagsstarfi þar sem þau geta verið þau sjálf og átt í uppbyggilegum samskiptum við jafningjahóp sinn án þess að upplifa fordóma. Hinsegin ungmenni eru í aukinni hættu á að leiðast út í áhættuhegðun og þróa með sér geðraskanir og þurfa því auka stuðning sem þau mögulega fá ekki heima hjá sér (Sarna o.fl, 2021; Fox, 2010). Stuðningur frá starfsfólki menntastofnanna hefur jákvæð áhrif á líðan og öryggi hinsegin ungmenna innan þeirra (Samtökin 78, 2020-b). Þátttaka þeirra og mæting í félagsmiðstöð myndi geta uppfyllt þarfir þeirra fyrir stuðning, fyrirmyndir og uppbyggileg samskipti (Witt og Cardwell, 2018). Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi er því mjög gott úrræði til að mæta þörfum hinsegin ungmenna og bæta líðan þeirra.

Í hindrana líkani Crawford er kveðið á að kynhneigð, kynvitund eða kyn sé dæmi um kerfisbundna hindrun á þátttöku í tómstundastarfi, vegna fordóma frá samfélaginu (Best, 2009). Gagnkynhneigðarhyggja þrífst í íslenskum grunnskólum og framhaldsskólum sem ýtir undir fordóma gagnvart hinsegin fólki (Jón I. Kjaran og Brynja E. Halldórsdóttir Guðjónsson, 2021). Það er því mjög líklegt að sá raunveruleiki sé til staðar á Íslandi að hinsegin ungmenni upplifi minna aðgengi að tómstunda- og félagsstörfum heldur en önnur ungmenni vegna hindrana á borð við fordóma. Besta leiðin til að bæta aðgengi þeirra er að skapa öruggt rými fyrir hinsegin fólk í starfinu (Roestone Collective, 2014). Helstu aðferðir til að skapa öruggt rými er að bjóða upp á sértækt hópastarf eða sértæka félagsmiðstöð fyrir hinsegin unglunga þar sem þau geta flúið gagnkynhneigðarhyggju samfélagsins. Einnig er hægt að gera almennt starf félagsmiðstöðvarinnar aðgengilegra með sýnileika og fræðslu. Þörfin á öryggi fyrir hinsegin unglunga, til að vera þau sjálf og prófa sig áfram með skilgreiningar, er mikil (Schreuder, 2021). Það eru nokkur verkefni í gangi á Íslandi sem stuðla að öruggu hinseginvænna rými. Samtökin 78, hagsmunafélag hinsegin fólks á Íslandi, bjóða upp á fræðslu fyrir starfsstaði, skóla og félagsmiðstöðvar (Samtökin 78, e.d.-b). Reykjavíkurborg hefur einnig hafið fræðsluáttak í hinsegin málum og bjóða starfsstaði sína upp á að fá fræðslu til að verða hinseginvænni og öðlast regnbogavottun Reykjavíkurborgar (Reykjavík, e.d.). Það væri mjög jákvæð þróun að sjá fram á að félagsmiðstöðvar hefji aðgerðaráætlanir til að komast til móts við hinsegin unglunga og gera þannig starf sitt að öruggu rými. Menntastofnanir sem eru með eineltisáætlanir sem taka mið af hinsegin hópum standa sig betur í að vernda þá (Grozelle, 2017).

Samtökin 78 og Reykjavíkurborg reka saman sértæka Hinsegin félagsmiðstöð sem er opin fyrir hinsegin unglunga á aldrinum 13-17 ára. Með henni hefur tekist að skapa heila félagsmiðstöð sem öruggt rými og hinsegin ungmenni hafa aðsetur þar sem þeim er tekið

fagnandi. Þar geta þau mátað sig við fornöfn og mótað sjálfsmynd sína í samskiptum við önnur hinsegin ungmenni (Samningur um fræðslu í skóla- og frístundakerfi Reykjavíkurborgar, 3. Grein/2020.). Félagsmiðstöðin stuðlar að því að þau tengist hinsegin samfélaginu sem er mikilvægt þar sem upplifun fólks á að tilheyra hóp hefur jákvæð áhrif á geðheilsu einstaklinga (Gonzalez o.fl., 2021).

Hægt er að deila um það hvort starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar sé gegn stefnunni um að bjóða upp á tómstundir án aðgreininga (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022; Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2017). Hinsegin félagsmiðstöðin snýst hins vegar um að bjóða upp á öruggt rými fyrir hinsegin ungmenni og því bæta aðgengi þeirra að félagsmiðstöðvastarfi. Að veita hinsegin ungmennum öruggt rými í tómstunda- og félagsstarfi er leið til að valdefla þau og hinseginleika þeirra. Fordómar og gagnkynhneigðarhyggja er að finna í skólum meðal íslenskra ungmenna (Jón I. Kjarran og Brynja E. Halldórsdóttir Guðjónsson, 2021). Aðgreining sem þessi getur þjónað þeim tilgangi að tryggja öryggi krakkanna. Með því að mæta í Hinsegin félagsmiðstöðina eru þau að kjósa að mæta í aðgreint starf á eigin forsendum. Hinseginleiki þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau mæti í almennt tómstunda- og félagsstarf, en fordómar gegn hinseginleika er það sem hindrar þau til þátttöku (Best, 2009). Það kemur því í veg fyrir að þau þori að prófa sig áfram með skilgreiningar og tjáningu sem er mikilvægt fyrir sjálfsmynd þeirra (Schreuder, 2021). Á meðan staðan er sú að fordómar og gagnkynhneigðarhyggja ríkja í ungmennahópnum þá er aðgreining hinsegin félagsstarfs frá hinu hefðbundna starfi öruggasta leiðin til að stuðla að aðgengi hinsegin ungmenna að tómstunda- og félagsstarfi þar sem þau geta verið þau sjálf. Skýrt dæmi um þetta má finna í skrifum hooks (1994) þar sem hún lýsir hversu erfitt það var að breyta um skóla eftir að aðskilnaðarstefna hvítra og svartra var aflétt. Hún fór úr skóla með aðeins svörtum kennurum og nemendum eins og hún sjálf, yfir í skóla með blönduðan hóp nemenda og hvítum kennurum. Þá var þessum hópum blandað saman án þess að vinna með rásisma og fordóma hvítu kennaranna sem í kjölfarið bitnaði á svörtum nemendum. Það þarf því að gera hefðbundið félagsmiðstöðvastarf aðgengilegra með því að gera rýmið hinseginvænna. Eins og Gay-Milliken (2020) lýsir í grein sinni um hvernig hún gerði skólabókasafnið hinseginvænna, þá er hægt að gera almenn rými að öruggu rými. Það er gert með fræðslu til starfsfólks, normaliseringu á hinsegin veruleika og sýnileika. Samt sem áður er mikilvægt að aðgreint félagsstarf fyrir þennan jaðarsetta hóp sé til staðar, í þeim tilgangi að skapa öruggt rými, þar sem það getur stuðlað að velferð og hamingju þeirra í samfélaginu almennt.

Hinsegin félagsmiðstöðin uppfyllir stefnu Reykjavíkurborgar um jafnt aðgengi barna og unglinga að skipulögðu félags- og frístundastarfi. Þá er hún sérstaklega að standast stefnu Reykjavíkurborgar um að uppfylla þarfir hinsegin unglunga. Að styrkja verkefni sem stuðluðu

að bættri stöðu minnihlutahópa var ein af aðgerðum sem Reykjavíkurborg framkvæmdi til að ná þessari stefnu (Reykjavíkurborg, 2017). Hinsegin félagsmiðstöðin er þó heldur undirfjármögnuð þar sem fjöldi þátttakenda er orðin meiri en starfshópur félagsmiðstöðvarinnar ræður við og hefur þurft að fá starfsfólk lánað frá öðrum félagsmiðstöðvum til að ekki halli á starfinu (Samtökin 78, 2022). Almennar félagsmiðstöðvar hafa verið að byrja með sértækt hinsegin hópastarf til að grípa hópinn. Fjöldi þátttakenda Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er að koma frá mörgum sveitarfélögum, ekki bara Reykjavík. Það myndi bæta aðgengi þeirra ungmenna að hinsegin félagsstarfi ef það væri í boði í félagsmiðstöð í þeirra sveitarfélagi. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir (munnleg heimild, 31. mars 2022) var með fyrirlestur um verkefnið „Hinsegyn“ á Íslenskum æskulýðsrannsóknum. Hinsegyn er sértækt hinsegin hópastarf í boði fyrir allar félagsmiðstöðvar í Grafarvogi sem enda allar á „gyn“ sem útskýrir nafnið. Þá koma hinsegin krakkar úr öllum félagsmiðstöðvum og hittast og gera eitthvað skemmtilegt saman og geta kynnst öðrum hinsegin krökkum. Í fyrirlestrinum kemur fram að félagsmiðstöðvar Grafarvogs fengu þróunarstyrk Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til að framkvæma verkefnið. Einnig hefur Hafnarfjarðarbær boðið upp á hinsegin hittinga í félagsmiðstöðinni Vitanum og ungmennahúsinu Hamrinum til að auka aðgengi hafnirskra ungmenna að hinsegin félagsstarfi í heimabæ sínum (Hafnarfjörður, 2022). Nauðsynlegt er að styðja við þessi verkefni til að komast til móts við hinsegin ungmenni alls staðar á landinu sem myndi einnig koma í veg fyrir að fjöldi þátttakanda Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar í Reykjavík fari yfir þolmörk starfsins.

Þar sem Hinsegin félagsmiðstöðin er sértæk félagsmiðstöð ætti hún að vera fjármögnuð meira en almennar félagsmiðstöðvar til að tryggja fagmennsku. Sértækar félagsmiðstöðvar krefjast faglærðs starfsfólks til að komast til móts við viðkvæman hóp (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Samt sem áður er aðeins einn forstöðumaður með tvo frístundaleiðbeinendur starfandi og restin eru sjálfboðaliðar. Yfirlýst markmið Samtakanna 78 er að starfið verði rekið af launuðu starfsfólki en ekki sjálfboðaliðum í framtíðinni. Boltinn er því hjá Reykjavíkurborg og áhugavert verður að sjá hvernig staða mála mun þróast þar sem Hinsegin félagsmiðstöðin var færð frá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu yfir á Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (Samtökin 78, 2022). Það er mjög jákvætt skref og ákjósanlegast væri að Hinsegin félagsmiðstöðin verði mönnuð eins og aðrar félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar, með forstöðumanni, aðstoðarforstöðumanni og frístundaleiðbeinendum eða frístundaráðgjöfum í launuðum störfum (Tjörninn, e.d.). Það myndi gera að verkum að Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar myndi uppfylla sín eigin gildi um mikilvægi fagmennsku í frístundastarfi (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019) og stefnu í frístundamálum til ársins 2025 (2017). Með traustum grunn á rekstri félagsmiðstöðvarinnar og bættu fjármagni er hægt að tryggja fagmennsku og gæðastarf. Auk þess var það samþykkt í lok ársins 2021 að

auka fjármagn til Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar (Samtökin 78, 2022). Það eru því margir sigrar sem hafa unnist í að stækka verkefnið, en aðal sigurinn vannst með stofnun félagsmiðstöðvarinnar.

Með nýútgefinni stefnu Mennta- og barnamálaráðuneytis (2022) er vettvangur tómstunda- og félagsstarfa barna og unglunga að fá meiri athygli og meðbyr. Hún mun tryggja að sveitarfélög vinni traustari reglugerðir utan um tómstunda- og félagsmál barna. Markmið stefnunnar er að tómstunda- og félagsstörf séu fagleg og aðgengileg og séu byggð á traustum rekstrargrunni ásamt því að starfsmenn leggi áherslu á að komast til móts við jaðarsetta hópa. Ef gerðar verða aðgerðir til að ná þessu markmiði, þá ætti ein af þeim aðgerðum að vera sú að bæta fjármagn til Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar þar sem hún stuðlar að aðgengi jaðarsetts hóps, hinsegin ungmenna, að félagsmiðstöðvastarfi. Þar að auki að styðja við verkefni á borð við Hinsegyn, Regnbogavottun Reykjavíkurborgar og fræðslu Samtakanna 78. Einnig verður áhugavert að sjá hvort fleiri verkefni sem styðja við hinsegin ungmenni muni líta dagsins ljós á komandi tímum og hvernig málefni þeirra þróast innan veggja félagsmiðstöðva á landinu.

6 Lokaorð

Hinsegin félagsmiðstöðin er eitt besta úrræði fyrir hinsegin ungmenni á Íslandi og því mikilvægt að starfsemi hennar haldi áfram. Hún er undirfjármögnuð þar sem þátttaka hefur vaxið gífurlega á stuttum tíma (Samtökin 78, 2022). Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er byggð á kenningum um örugg rými fyrir samfélagshópa sem upplifa sig óörugga eða í hættu á áreitni, fordómum eða ofbeldi (Roestone Collective, 2014). Að stuðla að öruggu rými bætir aðgengi hinsegin ungmenna að félagsmiðstöðvastarfi, en þau eru líkleg til að upplifa hindranir til þátttöku vegna kerfislægra fordóma (Best, 2009). Í skólum á Íslandi er að finna gagnkynhneigðarhyggju, hugtak sem skilgreinir hvernig kerfislægir fordómar gagnvart hinsegin fólki birtist (Jón I. Kjarran og Brynja E. Halldórsdóttir Guðjónsson, 2021). Afleiðingar þess að verða fyrir fordómum eru meðal annars þunglyndi, sjálfsvígshugsanir og fíknisjúkdómar (Sarna o.fl., 2021; Fox, 2010). Það sem hins vegar getur varið þennan hóp fyrir afleiðingum fordóma er að þau upplifi sig tilheyra samfélagi fólks sem deilir svipaðri reynslu og geti samsamað sig við (Gonzalez o.fl., 2021). Félagsmiðstöðvar henta vel til að búa til slíkar aðstæður í félagsmiðstöð þar sem markmið þeirra er að vera staður fyrir ungmenni þar sem þau geta átt uppbyggjandi samskipti við jafnaldra (Björk Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2015). Þar er lagt upp úr fagmennsku starfsfólks til að farið sé eftir gildum starfsins (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022). Það er því nauðsynlegt að hinsegin ungmenni hafi aðgengi að félagsmiðstöðvastarfi, þar sem það gæti bjargað geðheilsu og jafnvel lífi þeirra. Samkvæmt viðmiðum og stefnum Reykjavíkurborgar (2017) og Mennta- og barnamálaráðuneytis (2022) í tómstunda- og félagsmálum ætti að komast til móts við jaðarsetta hópa og veita öllum jafnt aðgengi. Einnig að rekstrargrundvöllur sé bundin við að ná gæðaviðmiðum til að tryggja fagmennsku, en sértækar félagsmiðstöðvar þurfa meira fjármagn til að ráða sérhæft og menntað starfsfólki (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017). Hinsegin félagsmiðstöðin er einmitt sértæk en þar starfa aðeins tveir fastráðnir starfsmenn að undanskildum forstöðumanni og restin eru sjálfbóðaliðar. Aðrar félagsmiðstöðvar undir Tjörninni eru með um átta til tíu fastráðna starfsmenn og væri jákvætt að sjá slíkt hið sama gerast í Hinsegin félagsmiðstöðinni (Tjörnin, e.d.). Fagmennska er einna mikilvægust þegar kemur að því að standast forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi félagsmiðstöðva (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2022) og þarf því bættu fjármuni eða stöðugri rekstrargrundvöll fyrir Hinsegin félagsmiðstöðina til að tryggja fagmennsku. Þess má geta að það er nú þegar unnið mjög flott, faglegt og mikilvægt starf í Hinsegin félagsmiðstöðinni með vel hæfu starfsfólki sem og sjálfbóðaliðum. Þau virðast vera að standa sig í að ná til hinsegin unglinga og veita þeim þann stuðning eru sem þau mögulega fá ekki heima hjá sér (Ilga Europe, 2020). Þátttaka er þó að fara hækkandi og aukin þörf á fleiri

opnunum og meiri þjónustu bæði fyrir 13-17 ára hópinn og 10-12 ára (Samtökin 78, 2022). Það þarf þó einnig að hvetja til fleiri verkefna sem stuðla að öruggu rými í almennum félagsmiðstöðvum víðs vegar á landinu. Þá má nefna fræðslur fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva líkt og Samtökin 78 (e.d.-b) bjóða upp á og Regnbogavottun Reykjavíkur (e.d.). Ásamt því má nefna sértækt hópastarf sem stuðlar að öruggu rými líkt og í Vitanum og Hamrinum í Hafnarfirði (2022) og Hinsegyn í Grafarvogi (Þórhildur Elínardóttir Magnúsardóttir, munnleg heimild, 31. mars 2022). Það myndi bæta aðgengi hinsegin ungmenna talsvert að félagsmiðstöðvastarfi í sínu sveitarfélagi og mun veita þeim þann stuðning sem þau þurfa nauðsynlega á að halda.

Heimildaskrá

- Anna Kristinsdóttir. (2020). *Minnisblað vegna endurnýjunar samnings Reykjavíkurborgar við Samtökin 78*. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar.
- Árni Guðmundsson. (2016). The history of youthwork in Iceland. Í Siurala, L., Coussée, F., Suurpää, L. og Williamson, H. (ritstjórar), *The history of youthwork in Europe* (bls. 31-37). Council of Europe.
- Áttavitinn. (2021, 22. janúar). *Hinsegin orðabók*. <https://attavitinn.is/sambond-og-kynlif/hinsegin/hinsegin-fra-a-o/>
- Best, S. (2009). *Leisure studies: Themes and perspectives*. Sage.
- Björk Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir (ritstjórar). (2015). *Viðmið og vísendingar: fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_-_mat_i_fristundastarfi_0.pdf
- Boulay, N., Yeung, B., Leung, C. og Burns, D. P. (2020). LGBTQ Role Models and Curricular Controversy in Canada: A Student Symposium. *Sexual and Gender Diversity in Schools*, 22(1), 19–27. <https://doi.org/10.7202/1071462ar>
- Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2017). Félagsmiðstöðvar barna og unglinga. Í Eygló Rúnarsdóttir, Alfa Arnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Frístundir og Fagmennska* (bls. 109 –122). https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/15084/fristundir_og_fagmennska_utgafa.pdf?sequence=1
- Figueiredo, A. R. og Abreu, T. (2020). Suicide Among Lgbt Individuals. *European Psychiatry*, 30(S1), 1815. [https://doi.org/10.1016/s0924-9338\(15\)31398-5](https://doi.org/10.1016/s0924-9338(15)31398-5)
- Fox, C. O. (2010). (Un)covering normalized gender and race subjectivities in LGBT "safe spaces". *Feminist Studies*, 36(3), 629-649,700. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/un-covering-normalized-gender-race-subjectivities/docview/862355831/se-2?accountid=177961>
- Gao, F. og Liu, H. C. Y. (2021). Guests in someone else's house? Sense of belonging among ethnic minority students in a Hong Kong university. *British Educational Research Journal*, 47(4). <https://doi.org/10.1002/berj.3704>
- Gay-Milliken, L. og DiScala, J., PhD. (2020). Going beyond book displays: Providing safe space for lgbtq youth. *Knowledge Quest*, 48(3), 10-17. <https://www.proquest.com/scholarly->

journals/going-beyond-book-displays-providing-safe-spaces/docview/2333937836/se-2?accountid=177961

Giddens, A. (1978). *Studies in Social and Political Theory*. Hutchinson

Gonzalez, K. A., Flanders, C. E., Pulice-Farrow, L. og Bartnik, A. (2021). "It's Almost Like Bis, Pans Kind of Stick Together:" Bi + Belonging and Community Connection. *Journal of Bisexuality*, 21(2), 194–224. <https://doi.org/10.1080/15299716.2021.1927282>

Grozelle, R. S. (2017). Cultural heterosexism and silencing sexual diversity: Anoka-Hennepin School District. *Journal of LGBT Youth*, 14(4), 393–410. <https://doi.org/10.1080/19361653.2017.1365035>

Hafnarfjörður. (2022, 3. febrúar). *Hinsegin hittingur Hafnarfjarðar fyrir 13-16 ára*. <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hinsegin-hittingur-hafnarfjardar-fyrir-13-16-ara>

Harper, G. W., LaBoy, R., Castillo, M., Johnson, G. L., Hosek, S. G. og Jadwin-Cakmak, L. (2020). It's a Kiki!: Developmental benefits of the Kiki scene for Black gay/bisexual/transgender adolescents/emerging adults. *Journal of LGBT Youth*, 19(1), 1–22. <https://doi.org/10.1080/19361653.2020.1813672>

Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-a). *Hinsegin*. <https://otila.is/grunnurinn/hinsegin/>

Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-b). *Kynjatvíhyggjan*. <http://otila.is/grunnurinn/kynjatvihyggja/>

Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-c). *Kynvitund*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynvitund/>

Hinsegin frá Ö til A. (e.d.-d). *Samtökin 78*. <https://otila.is/samfelagid/samtok-hinsegin-folksa-islandi/samtokin-78/>

Hooks, b. (1994). *Teaching To Transgress*. Routledge.

Ilga Europe. (2020). *Annual review of the human rights situation of lesbian, gay, bisexual, trans, and intersex people in Iceland covering the period of January to December 2020: Iceland*. Höfundur. <https://www.ilga-europe.org/sites/default/files/Attachments/Annual%20Review%202020.pdf>

Jeffs, T. og Smith, M.K. (2010). Introducing youth work. Í T. Jeffs og M. K. Smith (ritstjórar), *Youth work practice* (bls. 1-14). Palgrave Macmillian

Jón Ingvar Kjarran. (2016). „Faggi, tappi, lessa, feit eða heit“: Orðtíðni framhaldsskólanema um staðalmyndir kynhneigðar og kyngervis. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/09_ryn_arsrit_2016.pdf

- Jón Ingvar Kjaran og Brynja Elísabeth Halldórsdóttir Guðjónsson. (2021). Epistemic Violence Towards LGBTQ Students in Icelandic High Schools: Challenges and Opportunities for Transforming Schools. Í Odenbring Y. og Johansson T. (ritstjórar) *Violence, Victimization and Young People. Young People and Learning Processes in School and Everyday Life*, (bls. 173-191) Springer, Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-030-75319-1_11
- Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010) „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir?. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/017.pdf>
- Keenan, H. B. (2017). Unscripting Curriculum: Toward a Critical Trans Pedagogy. *Harvard Educational Review*, 87(4), 538-556. <https://doi.org/10.17763/1943-5045-87.4.538>
- Lamsal, M. (2012). The Structuration Approach of Anthony Giddens. *Himalayan Journal of Sociology and Anthropology*, 5, 111–122. <https://doi.org/10.3126/hjsa.v5i0.7043>
- Lewis, J. A., Williams, M., Moody, A., Peppers, E. J. og Gadson, C. A. (2018). Intersectionality theory and microaggressions: Implications for research, teaching, and practice. Í G. C. Torino, D. P. Rivera, C. M. Capodilupo, K. L. Nadal og D. W. Sue (ritstjórar). *Microaggression Theory: Influence and Implications* (bls. 48-64). John Wiley og sons, Inc.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022). *Framtíðin: Stefna um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030*. Höfundur.
- Nunn, L. M., Sgoutas-Emch, S., Sumner, S. og Kirkley, E. (2017). Girls Get Free Drinks: Undergraduates' Misunderstandings of Heterosexual Privilege. *Journal of Homosexuality*, 64(12), 1684-1699. <https://doi.org/10.1080/00918369.2016.1253395>
- Payne, E. C. (2007). Heterosexism, Perfection, and Popularity: Young Lesbians' Experiences of the High School Social Scene. *Educational Studies: Journal of the American Educational Studies Association*, 41(1), 60-79. <https://doi.org/10.1080/00131940701309054>
- Pharr, S. (2000). Homophobia: A weapon of sexism. Í M. Plott og L. Umanski (ritstjórar), *Making sense of women's lives: An introduction to women's studies* (bls. 424–438). Rowman og Littlefield.

- Prieto-Damm, B., Rosa, P. A. D. L., Burgo, C. L. D., Calatrava, M. og Osorio, A. (2019). Leisure activities and alcohol consumption among adolescents from Peru and El Salvador. *Drug and alcohol dependence*, 199, 27-34. <https://doi.org/10.1016/j.drugalcdep.2019.03.002>
- Pritchard, A., Morgan, N. J., Sedgley, D., Khan, E. og Jenkins, A. (2000). Sexuality and holiday choices: conversations with gay and lesbian tourists. *Leisure Studies*, 19(4), 267–282. <https://doi.org/10.1080/02614360050118832>
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2018). Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenski skólamenningu. *Tímarit Um Uppeldi Og Menntun*, 27(1). <https://doi.org/10.24270/tuuom.2018.27.3>
- Reykjavík. (e.d.). *Regnbogavottun Reykjavíkurborgar*. <https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikurborgar>
- Reykjavíkurborg. (2017). *Stefna Reykjavíkurborgar í frístundamálum til ársins 2025*. Höfundur.
- Reykjavíkurborg. (2021, 17. Maí). *Rótin, félag um konur, áföll og vímugjafa hlýtur Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2021*. Reykjavík. <https://reykjavik.is/frettir/rotin/felag-um-konur/afoll-og-vimugjafa-hlytur-mannrettindaverdlaun-reykjavikurborgar-2021>
- Roestone Collective. (2014). Safe space: Towards a reconceptualization. *Antipode*, 46(5), 1346-1365. <https://doi.org/10.1111/anti.12089>
- Samningur um fræðslu í skóla- og frístundakerfi Reykjavíkurborgar um stöðu og þjónustu við samkynhneigða, tvíkynhneigða, þríkynhneigða, eikynhneigða, intersex og trans fólk, hér eftir sameiginlega nefnt hinsegin fólk, 3. Grein/2020.
- Samtökin 78. (2020 -a). *Árskýrsla samtakanna 78 2019-2020*. https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2020/05/arsskyrsla_2019-2020_web.pdf
- Samtökin 78. (2020 -b). *Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi*. https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2020/08/Skolakonnun_GLSEN_FINAL.pdf
- Samtökin 78. (2021). *Árskýrsla samtakanna 78 2020-2021*. https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2021/03/Arsskyrsla_2020-2021.pdf

- Samtökin 78. (2022). *Árskýrsla samtakanna 78 2021-2022*.
<https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2022/03/Arsskyrsla-2021.pdf>
- Samtökin 78. (e.d.-a) *Um ráðgjöfina*. <https://samtokin78.is/starfsemin/um-radgjofina/>
- Samtökin 78. (e.d.-b). *Um fræðsluna*. <https://samtokin78.is/starfsemin/um-fraedsluna/>
- Samtökin 78. (e.d.-c). *Félagsmiðstöð*. <https://samtokin78.is/starfsemin/felagsmidstod/>
- Sarna, V., Dentato, M. P., DiClemente, C. M. og Richards, M. H. (2021). The Importance of Mentors and Mentoring Programs for LGBT+ Undergraduate Students. *College Student Affairs Journal*, 39(2), 180-199. <https://doi.org/10.1353/csaj.2021.0016>
- Schreuder, M. (2021). Safe spaces, agency, and resistance: A metasynthesis of LGBTQ language use. *Journal of LGBT Youth*, 18(3), 256-272.
<http://dx.doi.org/10.1080/19361653.2019.1706685>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Starfsskrá frístundamiðstöðva*. Höfundur.
- Temple, J. R. (2005). "People Who Are Different from You": Heterosexism in Quebec High School Textbooks. *Canadian Journal of Education*, 28(3), 271-294.
<https://doi.org/10.2307/4126471>
- Tjörninn. (e.d.). *Tjörninn unglingsvið (10-17 ára)*. <https://tjornin.is/tjornin-unglingasvid-10-17-ara/>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2019). *Við vinnum mikilvægasta starf í heimi: Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva*. Höfundur
- Witt, P. A. og Caldwell, L. L. (2018). *Youth development: Principles and practices in out of-school time settings*. Sagamore-Venture.
- Zawadzki, M. J., Smyth, J. M. og Costigan, H. J. (2015). Real-Time Associations Between Engaging in Leisure and Daily Health and Well-Being. *Annals of Behavioral Medicine*, 49(4), 605-615. <http://dx.doi.org/10.1007/s12160-015-9694-3>